LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

27. júní 2017

Efni: Tillaga LS að heildarafla fiskveiðiárið 2017/2018

Landssamband smábátaeigenda hefur haft til skoðunar skýrslu Hafrannsókna-stofnunar um aflahorfur fiskveiðiárið 2017/2018, sem kynnt var 13. júní sl.


Eins og venja er byggjast tillögur LS á upplýsingum úr skýrslu stofnunarinnar um nytjastofna sjávar og upplýsingum frá félagsmönnum undanfarin ár.

Tillögur LS ná til 9 tegunda og eru eftirfarandi:

	Tillögur LS	Tillaga HAFRÓ 2017/2018	FRÁVIK LS og Hafró
Þorskur	***311.000 tonn***	257.752	20%
Ýsa	***45.000 tonn***	41.390	9%
Ufsi	***60.000 tonn***	60.237	0%
Steinbítur	***10.000 tonn***	8.540	17%
Langa	***11.000 tonn***	8.598	28%
Keila	***4.400 tonn***	4.370	0%
Skötuselur	*1.000 tonn*	853	17%
Grásleppa		1.854	
Blálanga	*1.960 tonn*	1.956	0%

Þorskur - leyfilegur heildarafli verði 311 þúsund tonn.

Engum þeirra fjölmörgu sjómanna, sem yrkja Íslandsmið, blandast hugur um að þorskur er nú í meira magni en á síðasta áratug 20. aldar. Sjómenn merkja slíkt best á aflabrögðum, góður afli fæst í öll veiðarfæri. Meðfylgjandi mynd, sem tekin er úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar 2015, um þorskafla á sóknareiningu staðfestir þeirra upplifun. Það er miður að sams konar mynd er ekki að finna í tveimur síðustu skýrslum.



Undanfarin ár hefur Landssamband smábátaeigenda hvatt til meiri þorskveiði en tillögur Hafró hafa boðað. Tillögur LS hafa lengst af verið á hógværum nótum, t.d. á síðasta ári þegar einungis 12% bar á milli. Nú bregður hins vegar svo við að LS gerir tillögu um að heimilt verði að veiða 20,8% meira en Hafrannsóknastofnun ráðleggur.

Því miður hefur félagið ekki fengið þau viðbrögð sem það hefur talið sig eiga skilið. Einkum hefur því verið borið við að stjórnvöld væru bundin af aflareglu og eðlilegt væri að notast við bestu fáanlegu þekkingu við ákvörðun um heildarafla, en þar er átt við upplýsingar frá sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar.

LS er þeirrar skoðunar að þekking sjómanna eigi að vega inn í ákvörðun ráðherra og ítrekar hana hér með. LS hefur í því skyni ekki legið á liði sínu að koma á framfæri sjónarmiðum félagsmanna eins vel rökstuddum og kostur er. Sérstaklega er þetta ítrekað hér þar sem aflaregla var samþykkt nánast óbreytt fyrir tveimur árum. Sjá nánar athugasemdir LS við aflareglu[1], grein þv. formanns LS „Endurskoðun aflareglu í þorski“ og grein framkvæmdastjóra LS.

Á fundi LS og Hafrannsóknastofnunar hinn 22. júní sl. var staðfest að aflareglan heimilaði ekkert svigrúm. Miða skyldi við áætlaðan veiðistofn ársins. Leiðrétting sem LS lagði til þ.s. komið hefði í ljós að veiðistofn í þorski 2016 hefði verið vanmetinn var sleginn út af borðinu. Ekkert svigrúm væri fyrir hendi. Engar breytingar þess efnis hefðu verið lagðar til við endurskoðun sem fram fór árin 2014 og 2015. Eina sem ráðherra gæti gert ef hann ætlaði einhverju að breyta, væri að afnema aflaregluna. Þeir ráðherrar sem setið hafa frá því hún var tekin upp hafa ekki lagt slíkt til og þegar tækifæri gafst við endurskoðun var ekki tekið tillit til helstu athugasemda LS þar sem m.a. var lagt til að svigrúm væri gefið þannig að ráðherra hefði möguleika á að taka tillit til sjónarmiða sjómanna, þeirra sem væru á vettvangnum allan ársins hring.

[1] Fylgiskjal nr 1


Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða. Þorskurinn trónir yfir aðrar tegundir í aflaverðmætum (45% á síðasta ári) og er undirstaða sjávarútvegs á Íslandi. Það er í raun óskiljanlegt að stjórnvöld hafi samþykkt aflareglu þar sem ekki er hægt að bregðast við sjónarmiðum sjómanna og treysta þannig enn frekar að varkárni sé gætt við veiðar og nýtingu þorskstofnsins.

Hér með er hvatt til tafarlausrar endurskoðunar þar sem tekið verði tillit til sjónarmiða sem hér hafa verið tilgreind til viðbótar athugasemdum LS frá 18. janúar 2015.

LS óskar sérstaklega eftir því við hæstvirtan ráðherra að hann leggi mat á eftirtalin atriði áður en hann tekur ákvörðun um heildarafla í þorski fyrir fiskveiðiárið 2017/2018.

a. Hrygningarstofn mælist nú 617 þúsund tonn sem er 30% hærra en í fyrra og langt frá því sem stofnunin spáði 2016 – 482 þúsund tonn. LS gagnrýndi niðurstöðu stofnunarinnar þá og byggði hana á að mælingar á 5 ára fiski væru ekki réttar, auk þess að sjómenn upplifðu ekki samsvarandi þyngdartap og stofnunin sagði vera. Nú er staðfest að hrygningarstofninn er gríðarlega sterkur og fara þarf aftur um rúma hálfa öld (1960) til að finna viðlíka mælingu. Það ár voru veidd 470 þúsund tonn af þorski.

   Hrygningarstofninn nú er langt fyrir ofan langtímameðaltal 1997 – 2017 sem er 296 þúsund tonn. Allt þetta byggir góðan grunn undir tillögu LS um stóraukna veiði.



Taflan sýnir stærð veiðistofns í þúsundum tonna eins og Hafrannsókna-stofnun mat hann á hverju ári. Samkvæmt henni hafa spár ekki gengið nægilega vel eftir. Á það við í báðar áttir um 30%. Ofmat 2015 varðandi árið 2016 og vanmat 2016 á stærð hrygningarstofns 2017:

	2015	2016	2017	2018
Ársskýrsla 2015	547	660*	623*	
Ársskýrsla 2016	533	469	482*	
Ársskýrsla 2017	533	473	617	649*

* spá

b. Frá og með árinu 2007 hefur veiðistofn verið í örum vexti. Hann hefur tvöfaldað þyngd sína á tveimur áratugum 677.000 tonn (1997) í 1.356.000 tonn. Veiðistofn hefur ekki mælst stærri síðan árið 1980. Það ár voru veidd 432 þúsund tonn af þorski.

LS vekur athygli á að veiðistofn mældist að meðaltali 880 þúsund tonn tímabilið 1997 – 2017 og í nær tíma 1.022 þúsund tonn 2007 – 2017 sem er 16% stækkun.

Í fyrra spáði Hafrannsóknastofnun því að stofninn mundi minnka milli ára. Það kom LS á óvart og eftir að hafa farið í gegnum skýrslu stofnunarinnar og rætt við sjómenn og vinnsluaðila varð ekki vart við þann slaka í meðalþyngd-um sem stofnunin byggði spá sína á. LS lítur svo á að hér hafi verið um rangar mælingar að ræða og aukning nú um 14% frá í fyrra eigi því að líta á sem leiðréttingu og meðhöndla á þann hátt við útreikning á heildarafla samkvæmt aflareglu.


Stofninn er án alls vafa í miklu stækkunarferli og sýnir enn betur að vert er að skoða tillögu LS um verulega aflaaukningu.

Taflan sýnir stærð veiðistofns í þúsundum tonna eins og Hafrannsókna-stofnun mat hann á hverju ári:


	2015	2016	2017	2018
Ársskýrsla 2015	1.302	1.371*	1.350*	
Ársskýrsla 2016	1.254	1.243	1.191*	
Ársskýrsla 2017	1.263	1.330	1.356	1.444*

* spár


Gangi spáin fyrir 2018 eftir verður heildaraflamark á fiskveiðiárinu 2018/2019: 273.000 tonn.



c. Sterk nýliðun. Útlit er fyrir að veiðar á árinu 2018 verði veiðar bornar uppi af 5 stórum árgöngum og sá 6. á leiðinni.



d. Hlutfall þess sem veitt hefur verið ár hvert úr veiðistofninum hefur undangengin sex ár verið 18,8%.



e. Það er mat LS m.t.t. stærðar hrygningar- og veiðistofns og að á árinu 2018 verði veiðar bornar uppi af 5 stórum árgöngum og sá 6. á leiðinni eigi skilyrðislaust að heimila meiri þorskveiði en Hafrannsóknastofnun leggur til.

<u>Tillaga LS er 311 þúsund tonn.</u>

Nálgun að 311 þúsundum tonnum

1. Aflamark á yfirstandandi fiskveiðiári verði leiðrétt með því að reikna veiðistofn í aflareglu taki mið af mælingum þessa árs. Í stað 1.243 þúsund tonna verði reiknað út frá 1.330 þúsund tonna stærð sem gefur 252.500 tonn – aukning um 8.500 tonn.
2. Aflamark fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 verði reiknað útfrá 252.500 tonnum og verði því 262 þúsund tonn. Við það bætast 8.500 tonn sem er mismunur á útgefnu aflamarki og endurreiknuðu.
3. Við endurreiknað aflamark bætast 8.500 tonn sem er mismunur frá útgefnu aflamarki. Talan orðin 270 þúsund tonn.
4. Frá árinu 2011 til og með 2016 hefur veiði verið að meðaltalið 18,8% af veiðistofni. Uppsafnaður mismunur til 20% veiði úr veiðistofni á tímabilinu er 82.100 tonn. LS telur, að teknu tilliti til að afargott ástand er nú á þorskstofninum, að bæta eigi helmingi þess magns við uppreiknað aflamark.

Tillaga LS er að heimilt verði að veiða 311 þúsund tonn af þorski á fiskveiðiárinu 2017/2018.

Ýsa – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 45 þúsund tonn.

Á eftir góðum árgangi árið 2007 fylgdu 6 slakir. Niðurstöður af mælingum í ralli 2012 á heildarfjölda 2 ára nýliða í fjórum þeirra, 2008, 2009, 2010 og 2011, varð 83 milljónir. Það var því sannarlega ekki björt sýn sem blasti við mönnum til ýsuveiða. Á árinu 2013 voru þrír þessara árganga komnir inn í veiðina. Hafrannsóknastofnun ráðlagði 20% niðurskurð en ráðherra ákvað 17,6%. Heildarafli ákveðinn 36 þúsund tonn, sem var fjögur þúsund tonnum meira en Hafró ráðlagði. Við þetta tækifæri mátti sjá fyrirsagnir þar sem Hafrannsóknastofnunin „útilokar ekki veiðistopp“ í ýsu, þar sem hún telur stofninn við „hættumörk“.

LS gagnrýndi úthlutunina harðlega og benti á að veiðin væri ekki í samræmi við ástandið sem Hafró upplifði. Gríðarleg ýsugengd var og voru sjómenn í miklu basli með að nýta veiðiheimildir í þorski vegna mikillar ýsu sem meðafla.

Aðalfundur LS ályktaði um málið þar sem skorað var á ráðherra að auka nú þegar ýsukvóta í 50 þúsund tonn og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem væri til samræmis við veiðar þeirra undanfarinna ára:

Greinargerð.
Fundurinn er sannfærður um að Hafrannsóknastofnunin er á algerum villigötum varðandi mælingar sínar á stærð ýsustofnsins. Sú aðferðafræði sem stofnunin notar við þær mælingar stangast á við alla heilbrigða skynsemi. Fyrir það fyrsta er aðferðinni með öllu fyrirmunað að mæla nokkurn skapaðan hlut þegar komið er á grunnslóðina og hvað þá inn á flóa og firði.
Í því sambandi bendir fundurinn á að til margra ára hefur verið himinn og haf á milli mælinga Hafrannsóknastofnunarinnar annars vegar og reynslu sjómanna sem stunda ýsuveiðar á grunnslóð hins vegar. Þekkingu sína byggja sjómenn á áratuga reynslu sinni við störf sín á grunnslóðinni, en vísindamenn á niðurstöðum úr togararalli.
Undanfarin ár hafa krókabátar veitt um fjórðung ýsunnar á Íslandsmiðum, en raunveruleg hlutdeild þeirra er mun lægri. Handhafar þeirra ýsuveiðiheimilda sem dekkað hefur mismuninn nota þær til að leigja frá sér, og þá iðulega svo seint á fiskveiðiárinu að verðið er komið út úr öllu korti.
Það er krafa fundarins að stjórnvöld viðurkenni raunverulega veiðihlutdeild krókabáta í ýsuveiðunum og tryggi þeim hana nú þegar.

Umræðan var kraftmikil og var málefnið rætt í tvígang á Alþingi. Hinn 20. desember 2012

http://www.smabatar.is/2012/12/ysan-raedd-a-alingi.shtml

og 16. janúar 2013:

http://www.smabatar.is/2013/01/ysan-sertaekar-agerir-oumflyja.shtml

Því miður var lítið gefið eftir og urðu smábátaeigendur að leigja allt fiskveiðiárið ýsu til að geta nýtt heimildir sínar í þorski. Þannig juku þeir heimildir sínar úr 5.000 tonnum í 8.000, eða um heil 60%. Verðið var rúmar 300 kr/kg sem gaf hlutdeildarhöfum í aflamarki milljarð í leigutekjur.

En hvers vegna er verið að rifja þetta upp á þessum vettvangi?

Fjölmargar ástæður eru þar að baki. Ein er sú að við rýni í skýrslur Hafrannsóknastofnunar kemur í ljós að þróunin á hinum lélegu árgöngum varð allt önnur en stofnunin spáði og lagði til grundvallar þegar ýsukvótinn var skorinn niður um tugi prósenta. Í stað þess að árgangarnir fjórir hafi innihaldið 84 milljónir einstaklinga er nú metið að þeir hafi verið 140 milljónir, munurinn er 70%. Meðalstærð þeirra var ekki 21 milljón heldur 35 milljónir.

Það var svigrúm þá að taka tillit til ábendinga sem m.a. komu fram í greinargerðinni. Í fyrra lagði LS til 30% meiri afla en Hafró ráðlagði og ákveðið var. LS telur að upplýsingar í skýrslu Hafrannsóknastofnunar 2017 sýni að það var ekki of geyst farið.

Almennt er viðurkennt að lélegir árgangar í ýsu skila sér hlutfallslega betur inn sem veiðistofn heldur en stórir árgangar. Auk þess að dæmið hér á undan sýnir fram á það er það einnig í samræmi við ábendingar LS sem byggt hefur á niðurstöðum úr

haustralli og reynslu sjómanna. Vöxtur yngstu árganganna hefur verið meiri en búast mátti við. LS telur að mælingar úr haustralli eigi að fá aukið vægi við útreikning á aflaráðgjöf.

Ufsi – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 60 þúsund tonn.

Smábátaeigendur eru sammála því að ufsinn sé í jafnvægi og ekki þörf á miklum breytingum á heildarafla. Rétt er að benda á að þetta gæti þó breyst mjög fljótt þar sem ufsi er flökkufiskur og því erfitt að byggja ráðgjöf á mælingum eins og Hafrannsóknastofnun leggur til grundvallar.

Á undanförnum árum hefur stærri skipum veist erfitt að eiga við ufsann og ekki náð að fullnýta veiðiheimildir. Útgefið aflamark á ufsa hefur því ekki nýst að fullu með veiðum. Munar þar 14.700 tonnum á fiskveiðárunum [2013/2014-2015/2016]. Einnig má gera ráð fyrir að afli á yfirstandandi fiskveiðiári verði töluvert undir útgefnu aflamarki.

Skjámynd úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar 2017

	Tillaga	Aflamark	Afli Íslendinga
2013/14	57 000[1)]	57 000	54 300
2014/15	58 000[1)]	58 000	52 100
2015/16	55 000[1)]	55 000	48 900
2016/17	55 000[1)]	55 000	

Steinbítur – tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 10.000 tonn.

LS er ósammála að draga þurfi úr veiðum á steinbít.

Að sögn smábátaeigenda sem stunda steinbítsveiðar hefur útbreiðslusvæði hans breyst mikið á undanförnum árum. Hann gengur grynnra, inn í vestfirðina og við Strandir. Einnig hefur meira orðið vart við hann fyrir austan land. Það er einróma álit þeirra að stofninn sé að braggast og því eigi að leyfa auknar veiðar.

Rétt er að það komi hér fram að LS fagnar banni við veiðum á þekktum hrygningarslóðum (Látragrunn) og hvetur til að lokunarsvæðið verði stækkað.

Vakin er athygli á verðfalli sem orðið hefur á steinbít sem kann að hafa áhrif á veiðar.

LS ítrekar þá skoðun að banna eigi beina sókn í steinbít með dregnum veiðarfærum. Þá hvetur LS til að friðunarsvæði á Látragrunni verði stækkuð þannig að steinbítur á hrygningarslóð verði friðaður yfir hrygningar- og klaktíma.

Langa - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 11 þúsund tonn.

Gríðalegur niðurskurður á aflaheimildum í löngu hefur átt sér stað á undanförnum árum. Úr 16.200 tonnum á fiskveiðiárinu 2015/2016 niður í 9.343 á yfirstandandi fiskveiðiári. 42% lækkun á einu ári.

Smábátaeigendur höfðu greint minnkandi löngugengd og lögðu til á árinu 2015/2016 að veiðiheimildir yrðu lækkaðar í 14 þúsund tonn, 14% minna en Hafró lagði til. Afli á árinu varð aðeins 8.584 tonn - hrun virðist hafa orðið, aflinn aðeins um helmingur þess sem heimilt var að veiða.

Að vandlega athuguðu máli er það mat LS að ekki sé tilefni til að fara svo langt niður með leyfilegan heildarafla eins og Hafró leggur til, -47% á tveimur árum.

Keila - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 4.400 tonn.

LS gerir ekki athugasemdir við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

Mikil breyting hefur orðið á keilugengd á slóðum smábáta. Minna orðið vart við hana og taka sumir svo sterkt til orða að engu sé líkara en hún sé horfin af þekktum slóðum. Hvort hún sé í útrýmingarhættu skal ósagt látið.

Bein sókn í keilu er ekki lengur stunduð. Ástæður nokkrar, auk þess að lítið fæst af henni eru engir kaupendur sem tilbúnir eru að greiða það verð sem þarf að fást fyrir hana. Við veiðar á henni er botnlag þannig að líkur eru á veiðarfæratjóni. Það kemur lítið fæst af henni sem meðafla við línuveiðar.


Skötuselur - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 1.000 tonn.

Skötuselur hefur verið brellinn þetta árið. Veiði gýs upp tímabundið, en á milli finnst hann ekki. Sjómenn ræða um það sín á milli að hann sé nú meira á dýpinu.

Við veiðar kemur í ljós að skötuselurinn er í góðu ástandi, halarnir milli 4 og 5 kg. Meðalþyngdin alltaf að aukast.

Það hefur komið á óvart hversu skötuselur hefur komið í miklum mæli sem meðafli við humarveiðar. Þar er um smáan sel að ræða, halinn milli 1 og 2 kg. Við þessar veiðar hefur sú kenning komist á flug að selurinn hafi verið í humarveislu undanfarin ár, sem gæti verið ein af orsökum lélegrar nýliðunar.

Tilgáta er um að skötuselur sé að hafa áhrif á nýliðun í humri - óvenjumikið um smáan skötusel sem meðafla hjá humarbátum



Grásleppusjómenn verða nú nánast ekkert varir við skötusel miðað við árin 2010 og 2011.

LS hefur áður látið þá skoðun í ljós að skötuselur sem veiðist sem meðafli við grásleppuveiðar reiknist ekki til aflamarks, krafa um slíkt er hér með ítrekuð. Skötuselurinn er yfirleitt fullur af rauðmaga og oft eru tæjur af grásleppu sem hann ælir útúr sér þegar hann veiðist. Eftir hrygningu syndir grásleppan aftur út en rauðmaginn, vegna vöktunarhlutverks, tekst á við skötuselinn og endar því oft í gini hans. Nauðsynlegt er að veiða selinn á grásleppumiðunum og má kvótaleysi viðkomandi ekki koma í veg fyrir það.

LS telur að niðursveifla í rauðmaga skýrist að miklu leyti á skyndilegri viðveru skötusels á hrognkelsamiðum. Það er miður að ekki hafi verið tekið tillit til varnaðarorða félagsins sl. ár varðandi veiðar á skötusel.

Smábátaeigendur sem gera út á skötusel eru sammála um að innreið skötusels á Íslandsmið sé að fjara út.

Grásleppa

Lagt er til í ráðgjöf Hafró að upphafsaflamark verði lækkað um 8,7%. Er það í samræmi við mælingar sem sýna lækkun vísitölu. Samhliða var lagt mat á rauðmaga og mælist vísitala hans slök.

LS hefur gagnrýnt aðferðir Hafró við mælingar og mat á stærð hrognkelsastofnsins.

Upplifun veiðimanna og mælingar LS á yfirstandandi vertíð benda til að stofninn sé að gefa eftir. Veiði á hvern dag hefur minnkað um 40% á milli ára sem er nálægt sögulegu lágmarki og langt umfram niðurstöður Hafró. Andstaða grásleppunefndar LS um fjölgun veiðidaga úr 36 í 46 var því skiljanleg, það bæri að fara varlega.

Blálanga - tillaga LS er að leyfilegur heildarafli verði 1.960 tonn.

Blálanga - afli 2016 - 925 tonn
rúmum þúsund tonnum undir ráðgjöf.
LS telur að stjórn með aflamarki eigi ekki við þegar takmarka þarf veiðar á blálöngu, heldur eigi að beita svæðalokunum.

Fiskveiðiár *Fishing year*	Tillaga *Rec. TAC*	Aflamark *National TAC*	Afli Íslendinga *Catches Iceland*
2010/11	-		6464
2011/12	4000	-	4238
2012/13	3100	-	2996
2013/14	2400	2400	1653
2014/15	3100	3100	1898
2015/16	2550	2550	1734
2016/17	2040	2040	
2017/18	1956		

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri